**Nd.** **537. Breytingartillögur** [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Sigurði Blöndal.

1. Við 10. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Í stað 1. málsliðar 1. málsgr. 32. gr. laganna komi:
   Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega og annarrar gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal ⅔ hlutum fjárins skipt eftir íbúafjölda. Fjárveitinganefnd Alþingis skiptir ⅓ hluta þessa fjár að fengnum tillögum vegamálastjóra og skal þeim hluta fjárins varið til annarra varanlegra gatnagerðarframkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, sem skemmst eru á veg komin í slíkum framkvæmdum.
2. Aftan við greinina bætist:
   Í stað orðsins „eingöngu" í 2. málsgr. 32. gr. komi orðið: fyrst.